

# KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

25. ágúst 2026. 168. tbl. 24. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is



## Já eða nei?

Efnisyfirlit

|                      |    |
|----------------------|----|
| ■ Hamraborg Festival | 2  |
| ■ Sauna í Sala       | 6  |
| ■ Karate             | 7  |
| ■ Vetrarstarf        | 14 |



Einstakt tækifæri fyrir Ísland /12



Er ESB eitthvað fyrir okkur? /12



Hamraborg Festival /2



Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar** sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsagagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Bætur**: 30% afsláttur af öllum vörum. **DORMA**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúggers**: 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðingum. **S. Helgason**: 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki**: 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðingum. **Z. brautir og gluggatjöld**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd**: 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmíðjart**: 30% afsláttur af hreinlætiseigjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.



**Bæjarlind 4**  
**Sími: 510 7900**  
**www.fastlind.is**



ALÚÐ VIRÐINGTRAUST REYNSLA

Síðan 1996

### Útfararþjónusta í þrjá áratugi



Sólarhringsþjónusta  
581-3300  
utforin@utforin.is  
utforin.is



Sverrir Einarsson  
8968242



Jóhanna Eiríksdóttir  
8968242



Andrés James  
6625339

Við komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað.

Samstarfsaðilar:

Útfararstofa Hafnafjarðar  
s. 565-5892

Útfararstofa Garðabæjar  
s. 565-0210



**BÍLASTOÐ**  
réttingar & sprautun



GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



**RÉTTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA**

Smiðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636  
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

**LEGSTEINAR**  
EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Opið: 11-16  
alla virka daga  
Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



**Sérhæfum okkur í réttinum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða**

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

**Varmi**  
Við réttum og sprautum  
Auðbrekku 14 Kópavogi - S. 564 2141  
www.varmiehf.is



★★★★★  
Kjötbúð í Kópavogi



Gæði á góðu verði

**KJÖTVINNSLA**



**KJÖTHÚSIÐ**  
Kjötvinnsla

Smiðjuvegur 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833  
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is



MENNINGARHÁTÍÐ

# List flæðir inn í verslanir og almenningsrými í sjötta sinn á Hamraborg Festival

Hamraborg Festival er haldin í sjötta sinn 28. ágúst - 4. september 2026, með fjölbreyttum listviðburðum höldnum víðsvegar um Hamraborg í Kópavogi. Yfir 50 listasýningar, tónleikar, gjörningar og vinnustofur dreifast yfir vikuna og hátíðin opnar með pompi og prakt föstudaginn 28. ágúst kl. 18:00 með tónleikum Páls Óskars og Benna Hemm Hemm ásamt Kvinnakórnum Bliku í Salnum.

Hamraborg Festival er lífleg hátíð og vikulangur fögnuður lista og samfélags í hjarta Kópavogs. Í lok ágúst ár hvert kveðjum við sumarið með stútfullri dagskrá af sýningum, gjörningum, vinnusmiðjum og ýmsum viðburðum. Aðgangur er ávallt ókeypis og öll velkomin.

Hátíðin dreifist um menningarhús, búðarglugga, kaffihús, skrifstofur og almenningsrými Hamraborgar. Listin flæðir inn í og sprettur úr hverju horni hverfisins sem býður gestum og íbúum að kanna og njóta ólíkra listforma. Hátíðin er sköpuð í nánú samstarfi við nærsamfélagið og mörg verkanna eru í samtal við arkitektúr, sögu eða daglegt líf svæðisins. Á dagskránni í ár eru m.a. Opnunartónleikar með Páli Óskari og Benna Hemm Hemm og Kvinnakórnum Bliku í Salnum, Gjörningakvöld í Gerðarsafni með alþjóðlegum hópi myndlistarfólks á föstudagskvöldinu, Sýningin í Krónunni, Euromarket,



Sportsól, Te og Kaffi og fleiri verslunum á svæðinu, Rave í bílakjallaranum við Molann, skrímsagerðarsmiðja á Náttúrfræðisafninu, pönnukökugjörningur, útvarpsleikrit og margt fleira að ógleymdum stórtónleikum á Catalínu laugardagskvöldið 29. ágúst með Countess Malaise, Juno Paul og Kóka Kóla Polar Bear. Þá verða tónleikar í Salnum 1. september með lúpínu og petals og á lokahófinu 3. september stígur Búkalú, fullorðins fjölbragðasýning á vegum Margrétar Erlu Maack, á sviði á Catalínu: burlesque, sirkus, kabarett, drag og alls konar fleira. Sýningin er bönnuð innan 18 ára.

Hátíðin er ástarbréf til Hamraborgar - til íbúanna, arkitektúrsins, fortíðarinnar, framtíðarinnar og andans. Frá upphafi hefur hátíðin opnað dyr sínar fyrir breiðum áhorfendahópi og sýnt verk frá listamönnum á öllum aldri, af fjölbreyttum bakgrunni og með ólíka reynslu, hvort sem það eru listamenn frá Kópavogi, öðrum landshlutum eða erlendis frá. Hátíðin leggur upp úr því að sameina fólk úr öllum áttum og eru viðburðir fyrir börn og fjölskyldur mikilvægur hluti verkefnisins, auk þess sem áhersla er lögð á að sýna verk eftir jafðarsetta listamenn.



HÁTÍÐ

## VAKA Þjóðlistahátíð

Dagana 13.-19. september breytist Kópavogur í suðupott tónlistar, dansa, kvæðamennsku, handverks og lífandi hefða þegar VAKA Þjóðlistahátíð verður haldin í ellefta sinn. Hátíðin leiðir saman listafólk og félög sem starfa á sviði þjóðlista á Íslandi ásamt framúrskarandi gestum frá Noregi, Póllandi og Færeyjum.

Meðal hápunkta eru opnunartónleikarnir GARUR, þar sem þjóðlagatvíeykið FUNI fagnar útgáfu nýrrar plötu ásamt pólsku listakonunni Aniu Broda, og RÖKKURTÓNAR, þar sem verðlaunasveitin UMBRA deilir sviðinu með þremur fremstu þjóðlagatónlistarmönnum Noregs. Á hátíðinni fagnar Þjóðdansafélag

Reykjavíkur 75 ára afmæli sínu og Kvæðamannafélagið lðunn stendur fyrir árlegum Rímnafögnum. Dagskráin býður einnig upp á vinnustofur, kvikmyndakvöld, handverk, barna- og fjölskylduviðburði, þjóðlistamarkað og fjölmarga ókeypis viðburði.

Hátíðinni lýkur með hagyrðingaskemmtun og sannkölluðu Vökupartíi, þar sem dansað verður við lífandi tónlist frá Íslandi, Noregi og Færeyjum. Öll eru velkomin á dansgólfið, hvort sem þau kunna sporin eða ekki.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni okkar [www.vakareykjavik.is](http://www.vakareykjavik.is) og við veitum glöð viðtöl eða svörum spurningum.



## Dale Carnegie flytur í Kópavog

### Námskeið hefst:

10 til 12 ára 26. sept. kl. 10.00 til 13.00 í sex skipti í Kópavogi  
13 til 15 ára 22. sept. kl. 17.00 til 20.30 í sex skipti í Kópavogi  
13 til 15 ára 15. okt. kl. 17.00 til 20.30 í sex skipti í Hafnarfirði  
13 til 15 ára 22. okt. kl. 17.00 til 20.30 í sex skipti í Garðabæ  
16 til 19 ára 23. sept. kl. 18.00 til 22.00 í átta skipti í Kópavogi  
20 til 25 ára 24. sept. kl. 18.00 til 22.00 í átta skipti í Kópavogi

**Skráning á dale.is eða 555 7080**  
**Ókeypis einkaráðgjöf á dale.is**

**Dale Carnegie.**



**KÓPAVOGSBLAÐIÐ**

Kópavogsblaðið slf, kt: 620513-1800

### Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

**Ritstjóri:** Auðun Georg Ólafsson  
**Sími:** 899 3024  
**Netfang:** [audun@kopavogsbladid.is](mailto:audun@kopavogsbladid.is)  
**Heimasíða:** [www.kopavogsbladid.is](http://www.kopavogsbladid.is)  
**Hönnun:** Guðmundur Árnason  
**Netfang:** [kopavogsbladid.gummi@gmail.com](mailto:kopavogsbladid.gummi@gmail.com)  
**Prentun:** Landsprent.

**Fáðu tilboð í umfjöllun í Kópavogsblaðinu**  
[kopavogsbladid.is/samstarf/](http://kopavogsbladid.is/samstarf/)



Skannaðu kóðann



**Útfararþjónusta**  
*í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

**VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN**

# ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA

## um aðildarviðræður við ESB 29. ágúst 2026

Kjörfundur hefst kl. 09.00 og lýkur kl. 22.00

### Kjörstaðir í Kópavogi verða tveir

Íbúar vestan Reykjanesbrautar og í Lindahverfi kjósa í **Íþróttahúsinu Smáranum, Dalsmára 5**. Íbúar austan Reykjanesbrautar, að frátöldum þeim sem búa í Lindahverfi, kjósa í **Íþróttahúsinu Kórnum, Vallakór 12**.

Eftirtaldar kjördeildir verða í Kópavogi við þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026:

#### Íþróttahúsið Smárinn við Dalsmára

|                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                                                                                                                                                          |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>1. kjördeild</b><br>Aspargrund<br>Auðbrekka<br>Austurgerði<br>Álfabrekka<br>Álfaheiði<br>Álfatún<br>Álfhólsvegur<br>Álftröð<br>Bakkabraut                                                                                                   | <b>7. kjördeild</b><br>Gnitaheiði<br>Gnípuheiði<br>Grundarsmári<br>Grænatunga<br>Grænatún<br>Grænihjalli<br>Gullsmári<br>Hafnarbraut<br>Hamraborg                                                                                                   | <b>12. kjördeild</b><br>Krossalind<br>Laufbrekka<br>Lautasmári<br>Laxalind<br>Lindasmári<br>Litlavör<br>Ljósaland<br>Meltröð<br>Nónsmári                                                                                                 |
| <b>2. kjördeild</b><br>Arnarsmári<br>Álalind<br>Ásbraut<br>Ástún<br>Bakkahjalli<br>Bakkasmári<br>Bergsmári<br>Birkihvammur<br>Bollasmári                                                                                                       | <b>8. kjördeild</b><br>Haukalind<br>Háaland<br>Hábraut<br>Hátröð<br>Hávegur<br>Heiðarhjalli<br>Heimalind<br>Hjallabrekka<br>Hlaðbrekka<br>Hlégerði<br>Hlíðarhvammur<br>Hljóðalind<br>Holtagerði<br>Hólahjalli<br>Hvannhólmi<br>Hveralind<br>Ísalind | <b>13. kjördeild</b><br>Lyngheiði<br>Lundarbrekka<br>Lundur<br>Lyngbrekka<br>Marbakkabraut<br>Nýbýlavegur                                                                                                                                |
| <b>3. kjördeild</b><br>Birkigrund<br>Bjarnhólastígur<br>Blikahjalli<br>Borgarholtsbraut<br>Brattatunga<br>Brekkuhjalli<br>Brekkusmári<br>Brekkutún<br>Bryggjuvör<br>Bræðratunga<br>Bæjarlind<br>Bæjartún<br>Daltún<br>Engjasmári<br>Fellasmári | <b>9. kjördeild</b><br>Hlíðarhjalli<br>Hlíðarvegur<br>Hlíðasmári<br>Hófgerði<br>Hraunbraut<br>Iðalind<br>Jöklalind<br>Kópalind                                                                                                                      | <b>14. kjördeild</b><br>Lækjarhjalli<br>Lækjasmári<br>Mánalind<br>Meðalbraut<br>Melaheiði<br>Melalind<br>Melgerði<br>Múlalind<br>Neðstatröð<br>Óstaðsettir<br>Reynigrund<br>Smiðjuvegur                                                  |
| <b>4. kjördeild</b><br>Dalbrekka<br>Dalvegur<br>Digranesheiði<br>Digranesvegur<br>Efstihjalli<br>Ekrusmári<br>Engihjalli<br>Eyktarsmári                                                                                                        | <b>10. kjördeild</b><br>Helgubraut<br>Hrauntunga<br>Huldubraut<br>Húsalind<br>Jörfalind<br>Kaldalind<br>Kastalagerði<br>Kópavogsbakki<br>Kópavogsbærð<br>Kópavogsgerði<br>Kópavogstún<br>Laugalind<br>Lindarhvammur                                 | <b>15. kjördeild</b><br>Núpalind<br>Rauðihjalli<br>Reynihvammur<br>Selbrekka<br>Skemmuvegur<br>Skjólbraut<br>Skógarhjalli<br>Skólagerði<br>Skólatröð<br>Starhólmi<br>Stórihjalli<br>Suðurbraut<br>Sunnubraut<br>Sæbólsbraut<br>Túnbrekka |
| <b>5. kjördeild</b><br>Eskihvammur<br>Fagrabrekka<br>Fagrihjalli<br>Fannborg<br>Fífuhjalli<br>Fífuhvammur<br>Fífulind<br>Fjallalind<br>Foldarsmári                                                                                             | <b>11. kjördeild</b><br>Kársnesbraut<br>Kjarrhólmi<br>Kópavogsbraut<br>Kópavogsbrún<br>Langabrekka<br>Litlihjalli<br>Mánabraut                                                                                                                      | <b>16. kjördeild</b><br>Naustavör<br>Skálaheiði<br>Sunnusmári<br>Tunguheiði<br>Vallhólmi                                                                                                                                                 |
| <b>6. kjördeild</b><br>Fitjasmári<br>Fossvogsbrún<br>Funalind<br>Furugrund<br>Furuhjalli<br>Galtalind<br>Geislalind<br>Grenigrund<br>Grófarsmári                                                                                               |                                                                                                                                                                                                                                                     | <b>17. kjördeild</b><br>Trönuhjalli<br>Urðarbraut<br>Vallargerði<br>Vallartröð<br>Vesturvör<br>Víðigrund<br>Víðihvammur<br>Víghólastígur<br>Vogatunga<br>Þinghólsbraut<br>Þverbrekka                                                     |
|                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                     | <b>18. kjördeild</b><br>Íslendingar erlendis                                                                                                                                                                                             |

#### Íþróttahúsið Kórinn við Vallakór

|                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                       |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>1. kjördeild</b><br>Aðalþing<br>Aflakór<br>Akrakór<br>Akurhvarf<br>Almannakór<br>Andarhvarf<br>Arakór<br>Auðnukór<br>Austurkór<br>Álfahvarf<br>Álmakór | <b>4. kjördeild</b><br>Boðaðing<br>Dimmuhvarf<br>Drangakór<br>Dynsalir<br>Engjaþing<br>Ennishvarf<br>Fagraþing<br>Faldarhvarf<br>Faxahvarf<br>Fákahvarf<br>Goðakór<br>Grandahvarf                                                                  | <b>6. kjördeild</b><br>Hamrakór<br>Hálsaþing<br>Hásalir<br>Heiðaðing<br>Hlynsalir<br>Hólmaþing<br>Hörðukór<br>Jórsalir<br>Jötunsalir<br>Klappakór<br>Kleifakór<br>Klettakór<br>Logasalir<br>Lómasalir<br>Lækjarbotnar |
| <b>2. kjördeild</b><br>Álaþing<br>Álfkonuhvarf<br>Ársalir<br>Ásakór<br>Ásaþing<br>Brekkuhvarf                                                             | <b>5. kjördeild</b><br>Fellahvarf<br>Fensalir<br>Fjallakór<br>Flesjakór<br>Fornahvarf<br>Forsalir<br>Fossahvarf<br>Frostaþing<br>Fróðaþing<br>Glósalir<br>Glæsihvarf<br>Gnitakór<br>Goðasalir<br>Grundarhvarf<br>Gulaþing<br>Hafræping<br>Kórsalir | <b>7. kjördeild</b><br>Melahvarf<br>Miðsalir<br>Perlukór<br>Rjúpnasalir<br>Roðasalir<br>Skjólsalir<br>Sólarsalir<br>Straumsalir<br>Suðursalir<br>Tröllakór<br>Þrúðsalir                                               |
| <b>3. kjördeild</b><br>Asparhvarf<br>Baugakór<br>Björtusalir<br>Blásalir<br>Breiðahvarf<br>Dalþing<br>Desjakór<br>Dofrakór<br>Drekakór<br>Fannahvarf      |                                                                                                                                                                                                                                                    | <b>8. kjördeild</b><br>Vallakór<br>Vatnsendablettur<br>Vindakór<br>Þorrasalir<br>Þrymsalir<br>Ögurhvarf<br>Öldusalir<br>Örvasalir                                                                                     |

**Kópavogsbúar**  
Upplýsingar um kosningarnar er að finna á kosningavef dómsmála-ráðuneytisins, **www.kosning.is** og á vef Kópavogsbæjar, **www.kopavogur.is**  
Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa **persónuskilríkjum**, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar.  
Aðsetur kjörstjórnar á kjördag verður í **Íþróttahúsinu Smáranum**, sími 441 8911.  
**Yfirkjörstjórnin í Kópavogi**  
*Helgi Magnússon, Gunnar Gylfason og Jón Guðlaugur Magnússon*



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

•••••  
NÁTTÚRAN

# Hvalur hitaði upp fyrir almyrkvann í Sky Lagoon

Gestir Sky Lagoon komu saman 12. ágúst til að upplifa almyrkva á sólu úr einstöku umhverfi lónsins. Þótt veðrið hafi ekki leikið við gesti framan af sá íslensk náttúra til þess að biðin yrði eftirminnileg þegar hvalur birtist skyndilega rétt fyrir utan lónið og vakti mikla kátínu.

Sky Lagoon bauð gestum að upplifa þetta sjaldgæfa náttúrufyrirbæri í hlýju lónsins, með óhindrað útsýni yfir hafið og sjóndeildarhringinn. Mikil fyrirhöfn var fyrir viðburðinn en viðstaddir fengu sérmerkt gleraugu, svalandi sólmykrvakokteil og minjagrip til að taka með sér heim. Gestir voru komnir alls staðar að úr

heiminum og eftirvæntingin var mikil þegar þau komu sér fyrir og biðu þess að fá að sjá almyrkvann. Skýjahulan setti þó strik í reikninginn um tíma og því þurfti að sýna smá þolinmæði á meðan beðið var eftir að rofaði til. Það reyndist þó engin venjuleg bið. Á meðan flestir höfðu augun á himninum birtist óvænt hvalur í sjónum fyrir utan lónið. Gestir fylgdust með honum leika sér rétt við brúnina og vakti heimsóknin mikla gleði. „Það var mögnuð og ógleymanleg stemning í lóninu þegar sólmyrkvinn gekk yfir, en þegar hvalurinn birtist síðan rétt fyrir utan varð augnablikið eiginlega fullkomið. Það er erfitt að skipuleggja svona atriði, oftast sér íslensk náttúra einfaldlega sjálf um dagskrána,“ segir Helga María Albertsdóttir framkvæmdastjóri Sky Lagoon. Viðburðurinn endurspeglaði vel einstaka staðsetningu Sky Lagoon þar sem gestir upplifa nánd við hafið,

himininn og íslenska náttúru. Að þessu sinni sameinuðust almyrkvi á sólu, hafið og óvænt heimsókn hvals í augnablik sem seint gleymist. „Staðsetning Sky Lagoon gerir það að verkum að hér er lítil sem engin ljósmengun, sem skapar einstakar

aðstæður til að njóta náttúrufyrirbæra. Það kemur sér til dæmis sérstaklega vel þegar norðurljósín láta sjá sig, en reyndist ekki síður dýrmætt á þessari einstöku stundu“ segir Helga María. Ljósmyndir: Jón Ragnar Jónsson.



**Lakkskemman**  
Bílamálun + Réttingar

**Skemmuvegi 30,  
200 Kópavogi,  
sími: 557 4540,  
[www.lakkskemman.is](http://www.lakkskemman.is)**

## Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

**Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi**

*Rúnar Geirmundsson*

Sími · 567 9110 · [utfarir@utfarir.is](mailto:utfarir@utfarir.is) · [www.utfarir.is](http://www.utfarir.is)



Elis Rúnarsson



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



# FIMLEIKAR ERU FYRIR ALLA!

Íþróttafélagið Gerpla býður uppá fimleika fyrir byrjendur og lengra komna á öllum aldri!



KRÍLAFIMLEIKAR  
GRUNN- OG FRAMHALDSHÓPAR  
HÓPFIMLEIKAR  
FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA  
PARKOUR  
FULLORÐINSFIMLEIKAR  
ÁHALDAFIMLEIKAR  
FIMLEIKAR FYRIR ALLA

Fimleikar eru frábær grunnur fyrir allar íþróttir, við hvetjum alla til að prófa!

Frábær félagsskapur, framúrskarandi þjálfarar og endalaus gleði sem fylgir því að hreyfa sig við allra bestu aðstæður sem finnast í Evrópu



UPPLÝSINGAR  
[gerpla.is](https://gerpla.is)  
[gerpla@gerpla.is](mailto:gerpla@gerpla.is)

SKRÁNING  
[abler.io/shop/gerpla](https://abler.io/shop/gerpla)



.....  
SUND

# Saunaklefi og innrauður klefi opna í Salalaug

Teknir voru í notkun nýr saunaklefi og innrauður klefi í Salalaug í sumar. Báðir klefarnir eru rúmgóðir og einstaklega fallega hannaðir. Í hefðbundnu saununni er steinaofn eins og flestir kannast við en í

stað þess að vera með fötu og ausu er vatnsskammtari beint fyrir ofan ofninn en hann er tengdur við tíma-stíltan takka. Hægt verður að ýta á takkann á 90 sekúndna fresti og þá sprautast vatn á steinana sem hækkar hitann og rakann inni í klefanum.

Saunaklefinn og innrauði klefinn verða með sama opnunartíma og Salalaug, frá morgni til kvölds. Gestir sundlaugarinnar geta því heldur betur látið vel um sig fara í nýrri og endurbættri aðstöðu við sundlaugina.



## Sótt tilboð



7.450 kr.

15" pizza af matseðli og 15" margarita eða hvítlauksbrauð



7.490 kr.



3.190 kr.

## Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

## Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum



6.450 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.



7.490 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

## Hádegistilboð

2.950 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.690 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



Pantaðu á netinu  
**castello.is**  
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu  
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13



# Karatedeild Breiðabliks

Frír prufutími!

Frír galli við skráningu

Byrjum 31. ágúst

Kíktu á stundatöfluna okkar



Endilega hafið samband ef þið eruð með einhverjar spurningar!  
 karate@breidablik.is  
 instagram: karateblikar  
 facebook: Karatedeild Breiðabliks



# BREIÐABLIK

## FINNDU ÞÍNA ÍÞRÓTT

Fjölbreytt íþróttastarf fyrir alla aldurshópa, byrjendur jafnt sem lengra komna



### LEIKSKÓLAALDUR

3 - 5 ÁRA

ÍÞRÓTTASKÓLI  
KNATTSPYRNA  
KÖRFUBOLTI  
SKÍÐI  
SUND



### YNGSTA- OG MIÐSTIG

6 - 10 ÁRA

|             |             |
|-------------|-------------|
| FRJÁLSAR    | SKÍÐI       |
| KARATE      | SUND        |
| KNATTSPYRNA | TAEKWONDO   |
| KÖRFUBOLTI  | RAFÍÞRÓTTIR |
| SKÁK        |             |



Félagsskapur  
og vinátta



Heilsa  
og vellíðan



Ánægja  
og árangur



## UNGMENNI

11 - 18 ÁRA

- FRJÁLSAR
- KARATE
- KNATTSPYRNA
- KRAFTLYFTINGAR
- KÖRFUBOLTI
- SKÁK
- SKÍÐI
- SUND
- TAEKWONDO
- RAFÍPRÓTTIR



## FULLORÐNIR

18 ÁRA OG ELDRI

- HJÓLREIÐAR
- HLAUPAHÓPUR
- KARATE
- KRAFTLYFTINGAR
- ÞRÍÞRAUT
- SUND

### HVAÐ HENTAR ÞÉR?

Skoðaðu æfingatíma, aldurshópa og skráningar á [breiðablik.is](https://breidablik.is)





.....  
AÐSENT

# Trúum á Ísland

Frá því að Ísland fékk fullveldi árið 1918 hefur fáum, ef einhverjum, þjóðríkjum í heiminum gengið jafn vel að auka lífsgæði þegna sinna. Við höfum farið frá því að vera á meðal fátækustu ríkja heims í að vera á meðal þeirra ríkustu. Úr torfkofum í miklar álnir.

Stór hluti af þessum árangri hefur náðst vegna þess að við höfum nýtt fullveldið til samstarfs á alþjóðavettvangi. Við gerðumst stofnaðilar að NATO, gerðum tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin, gengum í EFTA og gerðum svo auðvitað EES-samninginn á tíunda áratug síðustu aldar. Óumdeilt er að ekkert þessara skrefa í alþjóðasamvinnu hefur veikt Ísland. Þvert á móti höfum við styrkst, eflst og hagnast á þeim öllum, stundum á fleiri sviðum en einu.

**Einstakur gluggi til að semja**  
Það er vert að horfa til þeirrar sögu þegar við veltum fyrir okkur endurupptöku viðræðna um að ganga í Evrópusambandið, sem greidd verða atkvæði um á laugardag. Hún á að fylla okkur af trú um að í slíkar viðræður verði farið af miklu sjálfstrausti og metnaði og að enginn samningur verði samþykktur nema

augljóst sé að hann styrki Ísland enn frekar.

Samningsmarkmiðin, rauðu línurnar, liggja þegar skýrt fyrir: Við munum ekki geta gengið í Evrópusambandið nema yfirráð yfir auðlindum okkar séu tryggð, að sérlausnir sem taka tillit til sérstöðu okkar í sjávarútvegi og landbúnaði liggi fyrir, að staðið verði vörð um norræna vinnumarkaðsmódelið og að Ísland geti hafið myntsamstarf og tekið upp evru eins nálægt aðild og aðstæður leyfa.

Ástæðan fyrir því að við erum að velta fyrir okkur þessu skrefi er nefnilega ekki sú að við þurfum á aðild að halda vegna þess að staða Íslands sé veik, heldur sú að samningsstaða okkar hefur aldrei verið sterkari.

**Frábært að eiga krónu en ferlegt að skulda hana**  
Hin rúmlega 100 ára gamla króna ber með sér verðtryggingu, mun meiri verðbólgu og mun hærri vexti en í öllum samanburðarlöndum. Þetta krónuálag leggur vaxtaklyfjar á heimili, fyrirtæki og hið opinbera sem kostar íslenskt samfélag hundruð milljarða króna á ári, felur í sér óstöðugleika, fælir frá sam-

keppni og fjárfestingu og dregur úr fyrirsjáanleika.

Líkt og fyrrverandi forseti lýðveldisins sagði nýverið um krónuna þá „er frábært að eiga hana en það er ferlegt að skulda hana“ og í fjárhættuspilinu sem heimili og fyrirtæki landsins eru látin taka þátt í með henni sé eitt ljóst umfram allt annað: „bankinn vinnur alltaf.“

**Þjóðin fer með valdið**  
Þann 29. ágúst fer þjóðin með valdið. Hún hefur tækifæri til að velja að fara í viðræður sem gætu skilað okkur í lið með okkar helstu vinabjóðum á víðsjárverðum tímum breytinga og óvissu, gætu fært Íslandi tækifæri til að vaxa og styrkjast enn frekar og um leið losað heimili og fyrirtæki við mörg hundruð milljarða króna kostnað fyrir það eitt að geta haldið úti eigin verðtryggða gjaldmiðli sem skerðir lífsgæði flestra en eykur ávöxtun á bankareikningum fárra.

Ég hvet landsmenn til að máta kostina og gallanna við eigin veruleika. Ég hvet þá til að horfa á það ferli sem er fram undan sem glugga til að styrkja okkur sem þjóð. Sagan sýnir að fáum, ef einhverjum, tekst að nýta sér alþjóðasamstarf til jafn mikils framdráttar og lífshæðisbætur og okkur Íslendingum.

Hunsum hræðsluáróður og úrtölur. Verum stolt, stór og full af sjálfs- trausti. Trúum á Ísland, trúum á möguleikana, trúum á aukin tækifæri.

Segjum já 29. ágúst.



Pórður Snær Júlíusson.

# GÓÐ ÞJÓNUSTA

## í Kópavogi

**GLUGGAVINIR**

Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur  
Sími: 571 0888, [www.gluggavinir.is](http://www.gluggavinir.is)

**Arion banki**

**B&T**  
RÉTTING & SPRAUTUN  
**578 5070**  
Skemmuvegi 44m, Kópavogi  
[www.bilarogtjon.is](http://www.bilarogtjon.is)

**BÍLRÚÐAN**

Smiðjuvegi 14, Græn gata,  
200 Kópavogi  
[www.bilrudan.is](http://www.bilrudan.is)  
S: 552 5755

**CAR-MED**  
bilaverkstæði

Dalvegi 24, 201 Kópavogur  
S: 571 7030, [www.car-med.is](http://www.car-med.is)

**BÍLRÚÐU MEISTARINN**

**Vinum fyrir öll tryggingafélög**

Dalvegi 18, 201 Kópavogur  
S: 5711133

**Flutningsþjónusta**  
**Mikaels**


**Flytjum það sem þú vilt flytja**

Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur  
S: 894 4560, [www.flytja.is](http://www.flytja.is)

**REYKOFNINN EHF.**

Smiðjuvegi 14 (bleik gata),  
S: 557 2122,  
[info@reykofninn.com](mailto:info@reykofninn.com),  
[reykofninn.is](http://reykofninn.is)

# Sýnum tillitssemi og klippum trjágróður frá stéttum og stígum



## Við hvetjum íbúa til að huga að trjágróðri við lóðarmörk

Gróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur þrengt að umferð og nauðsynlegri þjónustu á göngustígum, gangstéttum og götum og dregið úr öryggi vegfarenda. Þá þarf að snyrta gróðurinn þannig að allir komist ferða sinna án hindrana. Einnig þurfa umferðarmerki að sjást vel og gróður má ekki byrgja götu- og stígalýsingu.

Lóðarhafa er samkvæmt byggingarreglugerð skylt að halda vexti trjáa og runna á lóðinni innan lóðarmarka.

Ábendingum um trjágróður sem er „til vandræða“ skal koma á framfæri með að senda inn ábendingu á ábendingavef Kópavogsbæjar af heimasíðu Kópavogs – [www.kopavogur.is/is/abendingar](http://www.kopavogur.is/is/abendingar)



## Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)



.....

AÐSENT

# Einstakt tækifæri fyrir Ísland

Getum við gert enn betur? Þann 29. ágúst kjósa Íslendingar um hvort hefja eigi á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið. Aðildarviðræður eru samningaviðræður. Þetta snýst um að athuga hvort hægt sé að bæta hag Íslendinga og stöðu Íslands enn frekar. Fyrir því verða stjórnvöld hverju sinni að vera vakandi. Ekki síst í hvikulum heimi.

Ég hef ómælda trú á Íslandi. Við erum úrræðagóð, framsýn og von því að bjarga okkur sem er gott því heimurinn er að breytast hratt. Viðskiptareglur stórveldanna eru að taka stakkaskiptum og öryggismál vega þyngra en fyrir örfáum árum. Fyrir Ísland skiptir öllu máli að standa vörð um öryggi okkar, efnahagslegan styrk og möguleikann til að sækja fram. Við þurfum að tryggja stöðu okkar sem best á ótryggum tímum og berjast fyrir okkar hagsmunum sem aldrei fyrr.

Þess vegna eru viðræðurnar tækifæri. Tækifæri til að tryggja öryggi okkar betur, styrkja stöðu atvinnulífsins enn frekar og ryðja viðskiptahindrunum úr vegi. Þetta er tækifæri til að sjá hvort hægt sé að ná samningi sem bætir lífskjör íslenskra fjölskyldna þegar við erum í dauðafæri til þess.

Íslensk fyrirtæki standa sig í alþjóðlegri samkeppni. Okkar verkefni er að styðja við þann metnað, skapa betri skilyrði fyrir þau og aukinn fyrirsjáanleika. Við eigum líka að skapa betri skilyrði fyrir heimilin þegar tækifæri gefst á að lækka vexti og auðvelda fólki að greiða af húsnæðislánum sínum og greiða minna fyrir matarkörfuna.

Nú er einfaldlega tíminn til að spyrja hvort Ísland geti gert enn betur? Að segja já í þjóðaratkvæðagreiðslunni felur það eitt í sér að vilja kynna sér möguleikana sem okkur gæti boðist með samningi, hvaða tækifæri gætu falist í því að taka skrefið til fulls inn í bandalag sem við eigum nú þegar í nánu og góðu sambandi við. Höfum líka hugfast að náist samningur verður hann lagður fyrir dóm þjóðarinnar sem mun alltaf taka lokaákvörðun um sína framtíð. Alltaf.

Hér er um að ræða risastórt hagsmunamál fyrir íslensku þjóðina. Tökum ákvörðun þann 29. ágúst með hugrekki og áráðni að leiðarljósi. Og ást á Íslandi. Setjumst við samningaborðið með okkar öflugasta lið í stafni, fáum staðreyndir á borðið og berjumst fyrir hagsmunum Íslands.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra.

.....

AÐSENT

# Er ESB eitthvað fyrir okkur?

Evrópusambandið hefur ýmsa kosti og hefur að mörgu leyti verið mikið framfaraverkefni. Það hefur ekki síst gagnast vel í einu af sínum mikilvægustu grunnmarkmiðum: að tryggja frið og samvinnu milli Evrópuríkja sem áður háðu strjaldir.

Án efa er einn stærsti kostur Evrópusamstarfsins innri markaðurinn að fólk, vörur, þjónusta og fjármagn geti farið greiðlega á milli landa.

Við Íslendingar erum nú þegar hluti af þessum markaði í gegnum EES-samninginn. Það er óumdeilt að EES-samningurinn hefur reynst Íslandi vel og átt þátt í að auka hér lífskjör og velsæld.

Spurningin sem við stöndum frammi fyrir núna er því ekki hvort við viljum eiga gott samstarf við Evrópu. Það gerum við nú þegar.

En ríkisstjórnin hyggst nú spyrja þjóðina að því hvort Ísland eigi að hefja á ný aðildarviðræður við Evrópusambandið. Áður en þeirri spurningu er svarað er að mínu mati mikilvægt að spyrja sig að því hvað aðild að ESB kæmi til með að færa okkur umfram það sem við höfum í dag og hvað gæti aðild kostað okkur?

**Séríslenskar aðstæður**  
Við höfum þegar aðgang að innri

markaðnum og tökum þátt í fjölmörgum evrópskum samstarfsverkefnum. Með fullri aðild bætast hins vegar við mál sem standa utan EES í dag, þar á meðal sjávarútvegur, landbúnaður, tollamál og viðskiptasamningar.

Ísland er ekki dæmigert evrópskt hagkerfi. Við erum eyja langt norður í Atlantshafi og stór hluti velsældar okkar byggist á nýtingu náttúruauðlinda. Yfirráð yfir fiskveiðiauðlindinni undan ströndum Íslands skipta okkur ótvírætt máli. Þá býr íslenskur landbúnaður við allt aðrar aðstæður en landbúnaður víðast hvar í Evrópu. Hér er stutt ræktunartímabil, flutningsleiðir langar og framleiðslukostnaður hár.

Okkur hefur tekist að gera fríverslunarsamninga við stór og vaxandi ríki eins og Kína og Indland sem myndu falla úr gildi við inngöngu í ESB

Með aðild að ESB og sameiginlegri stefnu þess í þessum málaflokkum hefðum við minna um eigin mál að segja en í dag.

**En fáum við ekki lægri vexti?**  
Í umræðunni hefur mikið verið talað um evruna, verðbólgu og vexti. Stundum mætti jafnvel halda að þjóðaratkvæðagreiðslan snerist um hvort við vildum lægri vexti.

Auðvitað viljum við lægri vexti. En aðildarsamningur við Evrópusambandið er ekki samningur um lægri vexti eða minni verðbólgu, það er bara ekkert um það í slíkum samning.

Við þurfum sjálf að reka ábyrga efnahagsstefnu, halda aftur af opinberum útgjöldum þegar þörf er á og skapa aðstæður fyrir stöðugt verðlag og lægri vexti. Það er verkefni stjórnvalda hér heima og það verður ekki flutt til Brussel.

**Aðild er ekki ókeypis**  
Aðild að ESB kostar, við þyrftum að greiða mikla fjármuni inn í sambandið, öllum ber saman um að, Ísland yrði nettógreiðandi, greiddi meira inn í sambandið en við fengum til baka í peningum. Við þurfum að gefa eftir hluta af löggjafavaldi, framkvæmdavaldi og dómsvaldi. Aðild yrði því alltaf dýru verði keypt.

**Samstarf án aðildar**  
Ísland hefur á rúmri öld farið úr því að vera eitt fátækasta ríki Evrópu í að vera eitt af ríkustu löndum heims. Það gerðist ekki vegna þess að við lokuðum okkur af. Þvert á móti höfum við byggt velgengni okkar á viðskiptum, samstarfi og tengslum við umheiminn en jafnframt á því að ráða okkur sjálf og taka ábyrgð á eigin ákvörðunum. Þetta er nokkuð sem mér finnst skynsamlegt að við byggja áfram á.

Við skulum ekki eyða næstu fjórum árum, fjármunum og kröftum í aðildarviðræður. Verkefnin hér heima eru næg,

Þess vegna segi ég nei 29. ágúst.



Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

MÁ ÉG  
SJÁ  
LÆGRI  
VEXTI?

JÁ TIL  
AÐ SJÁ

.....  
ÍÞRÓTTIR

# Vetrarstarfið hafið hjá HK

**Hvað er helst á dagskrá hjá HK í vetrarstarfinu 2026–2027?**

Markmiðið er einfalt – að halda áfram okkar flotta starfi, skapa gott og jákvætt umhverfi þar sem öllum líður vel og gefa iðkendum tækifæri til að þroskast og njóta sín í íþróttum.

**Hvað er í boði að æfa hjá ykkur?**

Við bjóðum upp á fótbolta, handbolta, blak, borðtennis, bandý og dans. Við erum einnig í samstarfi með Arena sem bjóða uppá rafíþróttir. Mismunandi er eftir deildum á hvaða aldri iðkendur geta byrjað. Allar upplýsingar má finna á hk.is.

**Er eitthvað nýtt eða öðruvísi í vetrarstarfinu í ár sem þið eruð sérstaklega spennt fyrir?**

Við byrjuðum með skákæfingar í byrjun árs og fengum mjög góðar viðtökur. Við ætlum að halda því starfi áfram í vetur fyrir börn í 1.–7. bekk.

**Hvenær hefst vetrarstarfið og hvernig fer skráning fram?**

Vetrarstarfið hefst í byrjun septem-

ber og allar upplýsingar um skráningu má finna á hk.is

**Hvað þarf fólk að vita um æfingartíma, staðsetningar og kostnað?**

Allar helstu upplýsingar um æfingartíma, staðsetningar og kostnað má finna á heimasíðunni okkar, hk.is.

**Geta krakkar komið og prófað áður en þau ákveða að skrá sig?**

Já, allir eru velkomnir að koma og prófa frítt í tvær vikur áður en ákveðið er að skrá sig.

**Hvernig er tekið á móti börnum sem eru að mæta í fyrsta skipti og þekkja kannski engan fyrir?**

Allir okkar þjálfarar leggja áherslu á að taka vel á móti nýjum iðkendum og hjálpa þeim að koma sér inn í hópinn frá fyrsta degi. Það má alltaf hringja í þjálfarana og boða komu sína á sína fyrstu æfingu.

**Hvað leggið þið mesta áherslu á í starfinu – árangur, hreyfingu, félagsskap eða blöndu af þessu öllu?**

Við leggjum fyrst og fremst áherslu á að skapa umhverfi þar sem öllum líður vel. Þjálfunin á að vera vel



skipulögð og góð, en jafnframt leggjum við áherslu á að allir fái tækifæri til að bæta sig, bæði sem íþróttamenn og einstaklingar.

**Hvaða hlutverki finnst þér HK gegna fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur í Kópavogi yfir vetrartímann?**

HK er mikilvægur hluti af samfélaginu í Kópavogi. Við viljum skapa stað þar sem börn og ungmenni geta stundað íþróttir, eignast vini og tilheyrt góðum hópi. Fyrir fjölskyldur er mikilvægt að hafa fjölbreytt og gott íþróttastarf í nærumhverfinu.

**Ef foreldri eða barn er að velta fyrir sér að prófa HK í vetur, hvað myndir þú segja við þau?**

Við hvetjum alla til að prófa þær greinar sem þau hafa áhuga á. Það er auðvelt að byrja og allir fá að prófa frítt í tvær vikur. Allar upplýsingar má finna á hk.is og einnig er alltaf hægt að hafa samband við viðkomandi þjálfara sem tekur vel á móti ykkur.



Birkir Örn Arnarsson, íþróttatræðingur og styrktarþjálfari hjá HK.

.....  
MK

# Þrjátíu ára afmæli Hótel- og matvæla-skólans í MK

Laugardaginn 5. september verður mikið um að vera í Hótel- og matvælasólanum í MK þegar skólinn fagnar 30 ára afmæli. Frá kl. 11:00–16:00 verður boðið upp á fjölskylduskemmtun fyrir alla aldurshópa, með mat, keppnum, matarvögnum, námskeiðum, kynningum og fjölmörgu öðru. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Fyrir 30 árum var byggð glæsileg aðstaða fyrir matvælagreinar í MK með það fyrir augum að sinna kennslu í fjórum iðngreinum: bakstri, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu. Kennsla í matvælagreinum sem hafði áður verið í Hótel- og veitingaskólanum og Iðnskólanum í Reykjavík var færð yfir í Hótel- og matvælasólann í Menntaskólanum í Kópavogi. Auk þessara iðngreina er boðið upp á matsveina- og matartæknanám, meistaranám matvælagreina og grunndeild matvæla- og ferðagreina.

Síðustu þrjá áratugi hafa ótal nemendur útskrifast úr skólanum og haldið svo út í atvinnulífið – margir hér heima og aðrir víða um heim.

Skólinn hefur þannig átt stóran þátt í að mennta fólkið sem heldur íslensku matarmenningu, veitinga- og ferðabjónustu gangandi.

„Við viljum fagna þessum tíma-mótum með öllum þeim sem tengjast skólanum, en ekki síður bjóða almenningi að koma og sjá hvað við erum að gera. Þetta verður dagur fyrir alla fjölskylduna þar sem matur, fagmennska og skemmtun fara saman“, segir Haraldur J. Sæmundsson, framkvæmdastjóri Hótel- og matvæla-skólans í MK.

**Fjölskylduskemmtun í skólanum**

Gestir geta gengið um matarmarkað smáframleiðenda, skoðað fyrir-tækjakynningar, fylgst með Arctic Young Chef-keppninni, heimsótt kjötbúð landslíðs kjötiðnaðarmanna og kíkt í pop-up kleinuhringjabakarí.

Einnig verða gúrkuskurðar-keppni, rófukrullkeppni, kleinuhringjakeppni, þjónaþrautabraut, japönsk matreiðslunámskeið og margt fleira. Dagskrá verður birt á heimasíðu skólans.



# HVAÐ VILT ÞÚ ÆFA?

Finndu þína grein hjá **HK**.



FÓTBOLTI



HANDBOLTI



BLAK



BORÐTENNIS



BANDÝ



DANS



SKÁK



GLEÐI



VIRÐING




METNAÐUR



#LIÐFÓLKXSINS

hk.is

Förum  
varlega  
í umferðinni



# GÆTUM

AD YNGSTU VEGFARENDUM Í UMFERÐINNI,  
SÉRSTAKLEGA Í GRENND VIÐ SKÓLA



VATNSENDASKÓLI



KÁRSNES  
SKÓLI



Kópavogsskóli



ÁLFHÓLSSKÓLI



Snælandsskóli



KÓRASKÓLI



TÓNLISTARSKÓLI  
KÓPAVOGS



Smáraskóli



SALASKÓLI



HÖRÐUVALLASKÓLI



Lindaskóli



KÓRASKÓLI